



GJALDSKRÁ

1. janúar 2015

Virðisaukaskattur:

Allar upphæðir í gjaldskrá þessari eru án virðisaukaskatts. Hafnarfjarðarhöfn innheimtir virðisaukaskatt af öllum gjöldum þessarar gjaldskrár, samanber 3. tl. 3. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt.

Skipagjöld:

Við ákvörðun hafnagjalda, sem taka mið af stærð skipa, skal miða við brúttótonnatölu (BT) skipa samkvæmt alþjóðlegu mælibréfi, sem gefið er út eftir ákvæðum alþjóðasambýkktar um mælingu skipa frá 1969. Af öllum skipum skal greiða hafnargjöld til hafnarsjóðs ef þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar og / eða njóta þjónustu hennar.

Lestargjöld:

Af öllum skipum skal greiða lestargjald, kr. **14,30** á mælieiningu.

Bryggjugjöld:

Af öllum skipum sem leggjast að bryggju eða hafnarbakka skal greiða bryggjugjald, kr. **8,15** á BT, fyrir hvern byrjaðan sólarhring.

Fyrir báta allt að 20 Bt. skal greiða lágmarksgjald kr. **10.108,-** á mánuði.

Fyrir báta 21 til 75 Bt. skal greiða lágmarksgjald kr. **15.960,-** á mánuði.

Fyrir báta 76 til 150 Bt. skal greiða lágmarksgjald kr. **24.323,-** á mánuði.

Básar við flotbryggjur:

- fyrir bát að 9,0 m lengd greiðast kr. **13.455,-** á mánuði.

- fyrir bát yfir 9,0 m lengd greiðast kr. **19.665,-** á mánuði.

- ef bás er leigður allt árið og leiga greidd fyrirfram er greidd **9 mánaða** leiga.

Uppistöðugjald fyrir báta sem geymdir eru á hafnarsvæðinu er kr. **3.726,-** á mánuði.

Fyrir þrifa og viðgerðaraðstöðu á bryggjum skal greiða kr. **6.417,-** á viku, lágmarksgjald er fyrir eina viku.

Heimilt er að fimmfalda bryggjugjald á skip og báta, sem liggja lengi við bryggju og hafa verið án haffærisskírteinis í a.m.k. 6 mánuði.

Heimilt er að þrefalda bryggjugjöld á skip og báta, sem liggja langtímaviðlegu vegna annarrar starfsemi en útgerðar.

Vörugjöld:

Vörugjöld skal greiða af öllum vörum, sem fluttar eru úr skipi á land eða úr landi í skip eða úr einu skipi í annað, innan takmarka hafnarinnar, en þó með undantekningum, sem getið verður um síðar.

Fyrir vöru, sem samkvæmt farmskrá skips er ákveðin til annarrar hafnar (erlendra eða innlendrar) en er látin á land um stundarsakir, skulu aðeins greidd vörugjöld þegar varan eru flutt í land.

Ekki eru reiknuð vörugjöld af vöru, sem lögð er á land vegna óhapps eða viðgerða skips.

Vörugjöld eru reiknuð miðað við heildarþyngd vöru eða heildarverðmæti afla, samanber skýringar með einsökum gjaldflokkum.

Fara skal eftir farmskrá og aflaskýrslu við útreikning vörugjalda.
Skipstjóri eða umboðsmaður hans skal skila farmskrá til Hafnarfjarðarhafnar.

1. flokkur: kr. 300,00 pr. tonn.

Heilfarmar af lausu efni, sem losað er eða lestað með færriböndum, krönum, ámokstursvélum eða með dælingu svo sem kol, korn, salt, jarðefni, kísilgúr, þörungamjöl, sement, áburður, koks, gifs og úrgangur, sem fluttur er til endurvinnslu, ásamt sambærilegum farmi.

2. flokkur: kr. 362,00 pr. tonn.

Heilfarmar af vökva sem dælt er í land eða um borð í skip, svo sem bensín, brennsluolíur og lýsi. Heilfarmar af fiskimjöli.

3. flokkur: kr. 611,00 pr. tonn.

Pungavarningur til byggingaframkvæmda, svo sem steupustyrktarjárn, stálbitar, húshlutar, byggingareiningar, rör, gifsplötur, rafmagnsstrengir, málmklæðningar og einangrun. Hráefni til iðnaðar. Óunnir málmar og timbur. Veiðarfæri, og smurningsolíur. Landbúnaðarafurðir, sjávarafurðir og matvara, þar með taldar drykkjarvörur.

4. flokkur: kr. 1.655,00 pr. tonn.

Aðrar vörur en þær sem tilgreindar eru í 1. 2. 3. og 5. flokk.

5. flokkur: aflagjald 1,27 % af aflaverðmæti.

Gjald af frystum afla frystitögara reiknast **0,70 %** af heildarverðmæti, samkvæmt ákæðum hafnalaga nr. 61/2003 og breytingum þeirra nr. 88/2010. Sjávarafli lagður á land eða í skip á hafnarsvæðinu til vinnslu eða brottflutnings, þ.m.t. fiskur og seiði úr eldiskvíum. Gjaldið reiknast af heildarverðmæti aflans. Kaupanda aflans ber að afhenda hafnarstjóra skýrslu um keyptan afla að minnsta kosti mánaðarlega, t.d. afrit af aflaskýrslu til Fiskistofu. Aflagjaldið fellur í gjalddaga um leið og afla er landað. Kaupandi aflans innheimtir gjaldið hjá seljanda og er ábyrgur fyrir því til hafnarsjóðs, þó hann vanræki innheimtu þess.

Þjónusta hafnarinnar:

Vinnutími hafnarstarfsmanna.

Dagvinna hafnarstarfsmanna er frá kl 08:00 til 17:00 alla virka daga ársins.

Hafnsaga.

Farmskip og togarar, aðrir en togarar með heimahöfn í Hafnarfirði, skulu hlíta hafnsöguskyldu við komu og brottför til Hafnarfjarðarhafnar. Undanþága er veitt frá hafnsöguskyldu í vissum tilfellum, samkvæmt hafnarreglugerð um Hafnarfjarðarhöfn. Fyrir leiðsögu inn og út af hafnarsvæði Hafnarfjarðarhafnar skal greitt kr. **7.452,-** fyrir hvert skip. Auk þess skal greiða kr. **11,20** pr. BT. Hafnsögugjaldið er fyrir leiðsögu bæði inn og út af hafnarsvæðinu. Fyrir leiðsögu og þjónustu innan hafnar skal greitt hálf hafnsögugjald. Ef skipstjóri skips hefur hafnsöguréttindi, samkvæmt ákvörðun hafnarstjóra og hafnsögumaður fer ekki um borð, er greitt hafnsögugjald.

Hafnarbátar.

Kr. **10,00** pr. brúttótonn pr. klst.

Lágmarksgjald á klst fyrir HB Þrótt er kr. **42.539,-**
Lágmarksgjald á klst fyrir HB Hamar er kr. **58.478,-**
Hámarsgjald á klst fyrir hafnarbáta er kr. **279.450,-**

Festarþjónusta.

Festargjald pr. mann í dagvinnu kr. **10.971,-**
Festargjald pr. mann í yfirvinnu kr. **15.939,-**

Vigtar- og skráningarþjónusta.

Vigtun pr. tonn, kr. **321,-**
Lágmarksgjald á bílavog kr. **1.863,-** kr/vigtun
Lágmarksgjald á bílavog utan dagvinnu kr. **2.608,-** kr/vigtun
Lágmarksvigtargjald á pallvog í dv **932** kr/vigtun
Lágmarksvigtargjald á pallvog í yv **1.304** kr/vigtun
Yfirvinna vegna vigtunar á bryggjum utan dagvinnutíma kr 5.382 á klst.
Fyrir skráningar í Gaflinn (án vigtunar) greiðast kr **2.660,-** pr. löndun.
Útköll og yfirvinna greiðast sérstaklega.

Siglingavernd:

Sérstaklega skal greiða fyrir siglingavernd á hafnarsvæðinu.
Fyrir skipavernd skal greiða kr. **42.539,-** pr. komu skips.
Fyrir farmvernd skal greiða **20%** álag á vörugjöld.
Fyrir umbeðna vaktþjónustu við skip skal greiða kr. **3.623,-** á klst á dagvinnutíma og kr. **5.382,-** á yfirvinnutíma, eða samhvæmt reikningi frá utanaðkomandi þjónustufyrirtæki með **15 %** álagi.

Sorpirða:

Skipstjóri eða eigandi skips sem óskar eftir að láta á land sorp, farmleifar, olíuleifar eða mengandi efni skal óska eftir aðstoð viðurkennds þjónustuaðila, sem höfnin hefur samþykkt að annist móttöku og förgun á ofangreindum úrgangi frá skipum á hafnarsvæði hafnarinnar. Skipstjóri, eigandi skips eða þjónustuaðili skal undantekningalaust skila útfylltu eyðublaði til hafnarinnar um magn og tegund þess úrgangs sem skilað er á land.

Skip sem falla utan gr. 11 c. í lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda nr. 33 frá 2004 skulu greiða þjónustuaðila kostnað vegna móttöku og förgun á úrgangi. Annist höfn móttöku og förgun á almennum úrgangi skal gjald greitt fyrir þjónustuna samkvæmt grein þessari fyrir hvern rúmmetra úrgangs. Annist höfnin móttöku á spilliefnum eða sérstökum úrgangi sem hefur í för með sér kostnaðar umfram förgun á almennu sorpi greiðir viðkomandi aðili þann kostnað sem til fellur.

Vegna skipa sem falla undir grein 11 c. í lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda nr. 33 frá 2004 skulu skip greiða eftirfarandi:

- a. **Úrgangsgjald:** Við komu skips til hafna skal skip greiða 0,70 kr. á brt. skips. Gjald þetta er til þess að standa undir eftirliti og umsýslu hafnar vegna móttöku á sorpi. Lágmarksgjald samkvæmt þessum lið er kr. 5.000 og hámarksgjald kr. 45.000.
- b. **Úrgangsgjald:** Gjald skv. staflíð a. má lækka ef umhverfisstjórnun, hönnun, búnaður og starfræksla skips er með þeim hætti að skipstjóri geti sýnt fram á að minni úrgangur verði til um borð. Fast gjald verður þá 0,35 kr. á brt. Lágmarksgjald samkvæmt þessum lið er kr. 5.000 og hámarksgjald kr. 22.500.
- c. **Úrgangsgjald:** Skip og bátar sem koma oftár en fjórum sinnum til hafnar á almanaksárinu greiða samkvæmt b. lið fyrir fimmtu komu og komur eftir það.
- d. **Úrgangsgjald:** Skip og bátar sem eru undir 60 metra að lengd, eru ekki hafnsöguskyld og hafa varanlega viðveru í höfn skulu greiða fast mánaðargjald vegna eftirlits og umsýslu hafnar vegna móttöku á sorpi. Mánaðargjaldið skal vera

- kr. 5.000 á mánuði.
- e. **Förgunargjald:** Óski skipstjóri eða eigandi skips eftir að tekið verði á móti úrgangi frá skipinu skal hann hafa samband við viðurkenndan móttökuaðila skv. ábendingu hafnarinnar eða óska eftir því að höfnin annist móttöku á úrganginum. Lágmarksgjald hafnar fyrir móttöku á úrgangi er kr. 10.000 á hvern rúmmetra og lágmarksgjald einn rúmmetra, eða kr 96,00 pr kíló fyrir grófan úrgang . Kjósi skipstjóri eða eigandi skips að óska eftir þjónustu viðurkennds aðila þá greiðir hann kostnað við þá þjónustu. Skipstjóri og/eða eigandi skips ber ábyrgð á að útfylltu eyðublaði (kvittun) um magn og tegund sorps sé skilað til hafnarinnar, en misbrestur á því getur leitt til tilkynningar til Umhverfisstofnunar.
 - f. **Förgunargjald:** Skip sem undanþegin eru gjaldskyldu skv. 1. tl. 2. mgr. 17. gr. hafnalaga skulu eftir sem áður greiða fyrir losun sorps og förgun þess ef óskað er eftir þjónustu hafnar eða viðurkennds móttökuaðila.
 - g. Skipstjóri eða eigandi skips sem fengið hefur undanþágu frá Umhverfisstofnun um skil á sorpi eða tilkynningum skv. 2. og 3. gr. gjaldskrár þessarar skal framvísa gildri staðfestingu þess efnis.

Tímavinna og útköll utan vinnutíma:

Tímavinna og útköll utan vinnutíma hafnarstarfsmanna greiðast þegar þess er óskað.

Tímagjald er kr. **5.382,-** pr. klst.

Útkall reiknast að lágmarki 4 klst og ef fleiri en einn viðskiptavinur nýtur þjónustu í sama útkalli skiptist kostnaður við útkallið milli aðila í hlutfalli við veitta þjónustu.

Hafnleguvottorð:

Fyrir hafnleguvottorð skal greiða kr. 1.863,-

Vatn.

Selt vatn kr. **492,-** pr. tonn. Lágmarksgjald miðast við **5 tonn**.

Yfirvinna og útköll greiðast sérstaklega.

Rafmagn.

Greiða skal kr. **16,60** pr kwst rafmagns.

Tengigjald rafmagns kr. **2.795,-** á dagvinnutíma og **5.382,-** utan dagvinnutíma.

Útköll og yfirvinna greiðast sérstaklega.

Lóðagjöld og lóðaleiga

Lóðagjöld fyrir einstakar lóðir eru ákveðin af hafnarstjórn á hverjum tíma.

Lóðaleiga er **1,5 %** af fasteignamati lóða innan Suðurgarðs.

Lóðaleiga er **2,5 %** af fasteignamati lóða utan Suðurgarðs.

Geymslusvæði utan lóða kr. **120,00** á fermetra á mánuði.

Heimilt er að semja um frávík fyrir farmstöðvar stærri en 4 hektara.

Innheimta og greiðsla gjalda:

Öll gjöld skal greiða samkvæmt tilvísunum frá hafnarskrifstofunni.

Dráttarvextir eru lagðir á vanskil fram yfir gjalddaga og skuld send til innheimtu ef dráttur á greiðslu verður óhóflegur.

Skipstjóri og eigandi skips bera ábyrgð á greiðslu gjalda þeirra sem greiða ber til Hafnarfjarðarhafnar vegna skipsins. Er skipstjóra skylt við komu til hafnar að gefa hafnarstjóra upplýsingar um skipið í samræmi við ákvæði 5. mgr. 33. gr. reglugerðar nr.326/2004 um hafnamál og afhenda hafnarstjóra þjóðernis- og skrásetningarskírteini skipsins, ef hafnarstjóri krefst þess vegna ófullnægjandi upplýsinga frá skipstjóra og hefur hafnarsjóður haldsrétt yfir skírteinum uns gjöld eru greidd. Töf og tjón sem af þessu hlýst er einvörðungu á ábyrgð og kostnað greiðanda áfallinna gjalda.

Áfallin gjöld skal greiða áður en skip fer burt úr höfninni og enginn skipstjóri getur vænst þess að fá afgreiðslu fyrir skip sitt hjá sýslumanni eða tollstjóra, nema að hann sanni með vottorði frá hafnarstjóra að hann hafi greitt öll gjöld sín til hafnarinnar.

Vörugjald greiðist af öllum vörum sem eru affermdar, afhentar eða fluttar, eða á annan hátt sjóleiðis eða landleiðina, inn fyrir mörk hafnarinnar. Vörugjaldið reiknast skipi til skuldar áður sem skip hefur siglingu, nema annað sé sérstaklega um samið. Vörugjald er á ábyrgð farmflytjanda og er afhending vöru án greiðslu vörugjalds á hans ábyrgð.

Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað greiðir sá vörugjaldið sem affermir.

Vörugjald af vörum sem koma til hafnarinnar fellur í gjalddaga þegar skipið sem vörurnar flytur er komið í höfnina og vörugjald af vörum sem fluttar eru úr höfninni fellur í gjalddaga þegar vörurnar eru komnar í skip. Skipstjóra og afgreiðslumanni skips er óheimilt að afhenda vörurnar fyrr en gjaldið er greitt.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má ávallt tryggja með aðför að undangengnum dómi.

Skipagjöld eru tryggð með lögveði í viðkomandi skipi eða vátryggingarfé. Gengur það veð í tvö ár fyrir samningsveðkröfum sbr. ákvæði 2. mgr. 21. gr. Hafnalaga nr. 61/2003. Hafnarfjarðarhöfn er heimilt að krefjast frekari trygginga fyrir greiðslu áfallinna gjalda ef ástæða þykir til.

Gildistaka:

Gjaldskráin gildir frá 1. janúar 2015 og þangað til annað verður ákveðið.
Samþykkt á fundi hafnarstjórnar Hafnarfjarðar 28. október 2014.

Már Sveinbjörnsson
hafnarstjóri